

REGLUGERÐ

um skattalega meðferð á bústofnsbreytingu og kaupverði lífdýra í landbúnaði.

1. gr.

Breytingu á bústofni í landbúnaði skal meta til tekna eða gjalda sem hér segir:

Bústofn eins og hann var í ársbyrjun og bústofn í árslok skal færa á landbúnaðarskýrslu og reikna til verðs með sama verði og bústofninn er metinn til eignar í árslok samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Mismunurinn á heildarverði gripanna í ársbyrjun og árslok, bústofnsaukning eða bústofnsskerðing, færast til tekna eða gjalda eftir atvikum.

Kaupverð lífdýra má gjaldfæra að fullu á kaupári þegar kaupverð hvers einstaks lífdýrs er undir þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 41. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Ef kaupverð á lífdýri er hærra en sú fjárhæð skal gjaldfæra kaupverðið með jöfnum fjárhæðum á fimm árum. Í þeim tilvikum skal gjaldfærsla á kaupári þó aldrei vera lægri en matsverð gripsins í árslok samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Gjaldfærslan í heild skal aldrei vera hærri en kaupverðið. Sé lífdýr selt eða það drepst innan fimm ára frá því að það var keypt skal færa til gjalda þann hluta kaupverðsins sem þá er ógjaldfærður.

Hafi gjaldfærslu á kaupverði lífdýrs verið dreift á fimm ár, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, skal eignfæra þann hluta kaupverðs sem ógjaldfærður er. Kaupverð sem dreift er á fimm ár skal framreikna samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en það telst ekki til eigna skv. 3. mgr. 53. gr. sömu laga við útreikning á tekjum og gjöldum vegna verðbreytinga.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við ákvörðun tekna og gjalda árið 2001 vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2002. Frá sama tíma fellur úr gildi 3. töluliður B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við framtal 2001 vegna tekna og eigna á árinu 2000 skal heimilt að meta bústofnsaukningu, bústofnsskerðingu og kaup á lífdýrum til tekna og gjalda samkvæmt reglugerð þessari í stað 3. töluliðar B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt.

Fjármálaráðuneytinu, 5. mars 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ólafur Páll Gunnarsson.